

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Kjósarhreppi árið 2022



1.gr.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnaði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Kjósarhreppi, sem þeir nýta sjálfir og eiga þar lögheimili, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar:

- a. Ellilífeyrisþegar 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- b. Þeir sem eru úrskurðaður 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Framvísa þarf örorkuskírteini.
- c. Viðkomandi búi sannanlega í eigin húsnaði og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi á öldrunarstofnun og að íbúðarhúsnaðið sé ekki leigt út eða nýtt af skyldmenum.
- d. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3.gr

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings eru sóttar vélrænt á vef ríkisskattstjóra í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar nema að viðkomandi hafi öðlast rétt til afsláttar eftir 30. júní á árinu á undan álagningu, skila þarf þá inn staðfestri skattskýrslu og staðfestingu á því að þiggja elli- eða örorkulífeyri.

4. gr

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjutengdur afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega 2022				
Afsláttur 2021	Einstaklingur		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	5.943.723	0	7.594.768
75%	5.943.724	6.075.807	7.594.769	8.123.088
50%	6.075.808	6.207.888	8.123.089	8.652.603
25%	6.207.889	6.307.461	8.652.604	9.179.750

Samþykkt á fundi hreppsnefndar nr. 242